

Áhersluverkefni

Við mótun framtíðarsýnar rafiðnaðarins voru skilgreind áhersluverkefni sem ætlað er að tryggja að unnið verði skipulega að því að ná fram þeim markmiðum sem greinin hefur sett sér.

Loka á skussana – eftirfylgni gegnum iðnlöggjöfina
Vinna þarf markvisst að því að koma í veg fyrir að ófaglaðir geti verið í samkeppni við löglega rekin fyrirtæki á markaði. Leggja skal áherslu á að stjórnvöld breyti iðnlöggjöfnni þannig að hægt sé að taka á ólöglegri starfsemi.

Greiðslutryggingar
Vinna skal markvisst að því að efla traust milli verkaupa, aðal- og undirverktaka. Tryggja verður notkun og framgang IST-30 á útboðsmarkaði þannig að ekki verði hægt að víkja frá staðlinum í útboðsgögnum. Sérstök áhersla verði lögð á að virkja gr. 3.5.1. í staðlinum um gagnkvæmar verk- og greiðslutryggingar.

Tilboðsgerð – nýtt verklag og reglur
Unnið verði að bættum samskiptum milli hönnuða og rafverktaka. Leitast skal við að tryggja raunvirði kostnaðaráætlana og tilboða með samræmingu í framsetningu útboðsgagna og auðvelda tilboðsgerð með tengingu í ákvæðisvinnugrunninn.

Gæðastjórnun, ekkert mál - betri stjórnun, aukin arðsemi
Finna skal leiðir til að ryðja úr vegi hugarfarslegum hindrunum varðandi innleiðingu gæðastjórnunar. Rafverktakar skulu eiga aðgang að gæðakerfi SI sem er lagað að starfsemi þeirra með það að markmiði að efla fyrirtækin og gera þau samkeppnishæfari. Leggja skal áherslu á að auka stjórnunarlega fagmennsku í greininni og kynna mikilvægi mannauðsstjórnunar, fjárhagsstjórnunar og gæðastjórnunar. Sett verði upp stjórnunarnámskeið í Rafiðnaðarskólanum og námið tengt við fagið.

Öryggi í forgang - burt með vinnuslys
Markvisst skal unnið að því að útrýma vinnuslysum og gera starfsmenn og stjórnendur meðvitaða um mikilvægi öryggismála. Sett verði upp námskeið um heilbrigðis- og öryggismál og stöðluð form til að vinna eftir s.s. gátlistar, handbók og áhættumat. SART hafi frumkvæði að því að innleiða verkefnið í samstarfi við Rafiðnaðarskólann.

Betri skólar - fjölgun rafiðnaðarmanna
Bæta þarf kennsluáðstöðu í rafiðnaðardeildum verkmenntaskólanna og efla þarf tækjakost þeirra. Sett verði upp námskeið í Rafiðnaðarskólanum til að auka þekkingu í sérhæfðum greinum s.s. búnaði fyrir vindorku og rafknúin ökutæki og til að auka hæfni rafiðnaðarmanna varðandi viðhaldsverkefni og bilanaleit.

Auðvelda þarf fyrirtækjum að taka nema í starfsþjálfun. Styrkja þarf fyrirtækin til að þau geti skilað markvissri og góðri starfsþjálfun.

Kynna samtökin, efla samstöðu, fjölga félagsmönnum
Kynna þarf samtökin þannig að almenningur viti fyrir hvað þau standa og velji að eiga viðskipti við „örugg“ fyrirtæki. Efla þarf samstöðu félagsmanna og virkja þátttöku þeirra í starfi samtakanna. Með því er tryggt að SART verði áfram öflugur talsmaður sem gætir hagsmuna greinarinnar og fyrirtækjanna. Gangi þetta eftir mun félögum fjölga.

Efla þarf heimasíðu SART þannig að hún nýtist félagsmönnum betur. Þar geti fyrirtækin t.d. miðlað starfsmönnum sín á milli í styttri eða lengri tíma.

Bætt vinnusiðferði – meiri framleiðni
Stefnt skal að því að framlegð í rafiðnaði á Íslandi verði jöfn eða betri en í nálægum löndum. Taka skal upp viðræður við Rafiðnaðarsambandið um bætt vinnusiðferði sem leitt geti til betri nýtingu vinnutíma. Með því skapast möguleikar til að bæta afkomu fyrirtækjanna og hækka laun. Samtökin taki höndum saman um að auka virðingu fyrir rafiðnaðarstörfum meðal almennings og stofnana.




Hvað er rafiðnaður?

Án rafmagns væri tilveran dimm og fábrotin. Enginn maður, heimili, fyrirtæki eða stofnun getur án rafmagns verið. Því er rafiðnaðurinn ein af megin undirstöðum daglegs lífs. Rafiðnaður er vettvangur fagfólks og fyrirtækja sem saman virkja og nýta rafmagnið til að gera okkur lífið auðveldara frá degi til dags. Til þess að það gangi upp þarf áræðni, öryggi og fagmennska að fara saman.


Rafiðnaðarmaðurinn er samnefnari fólks sem sinnir hinum fjölbreyttu og krefjandi störfum í rafiðnaði og hann þarf að vera tilbúinn að svara kalli tækninnar á hverjum tíma. Í engri grein eru kröfurnar meiri og hvergi fleygir tækninni hraðar fram.


Rafiðnaðurinn heyrir undir löggiltar iðngreinar sem ávallt skulu reknar undir handleiðslu iðnmeistara.



Rafiðnaður

FRAMTÍÐARSÝN TIL ÁRSINS 2018





Samtök rafverktaka, sem stofnuð voru árið 1949, hafa alla tíð horft til framtíðar og lagt áherslu á öflugt innra starf sem skilað hefur greininni góðum árangri, ekki síst á sviði mennta- og tæknimála.

Ný framtíðarsýn SART var mótuð á stefnumótunarfundi 2013 þar sem hópur rafverktaka kom saman

og fjallaði um framtíðarhorfur greinarinnar. Framtíðarsýnin er sett fram í formi lýsingar á þeim árangri sem hópurinn telur að náðst hafi árið 2018 og forsendum sem þurfa að vera fyrir hendi til að svo megi verða.

Framtíðarsýn = árangur + forsendur

Árangur árið 2018

Öryggi og fagmennska, ánægðir viðskiptavinir og starfsmenn

Velgengni fyrirtækja í rafíðnaði hefur vaxið mjög á undanförnum árum. Þann árangur má helst þakka jákvæðri ímynd greinarinnar sem byggist á fagmennsku og góðri þjónustu. Virðing fyrir starfi rafíðnaðarmanna hefur aukist og ungt fólk sækir í greinina vegna áhugaverðra starfa og góðra launa. Innleiðing gæðastjórnunar hefur aukið traust á fyrirtækjunum og því leita verkkaupar eftir samstarfi við fyrirtæki innan SART.


Sterk fyrirtæki í arðsömum rekstri

tilboða og gagnkvæmar verk- og greiðslutryggingar. Stórbætt skattaumhverfi hefur verið innleitt til hagsbóta fyrir allan rekstur. Jákvætt starfsumhverfi og rekstraröryggi skapa því forsendur fyrir betri kjörum.

Innland orka í öndvegi, fjöl-breytt þjónusta og hugvit

Aðildarfyrirtæki SART hafa sérhæft sig í lausnum og þjónustu varðandi nýtingu á jarðvarma, vindi og vatnsorku. Einnig eru fyrirtækin sérhæfð í hönnun og þjónustu á sviði fjarskipta, ásamt því að þjóna hátæknibúnaði í olíu- og gasiðnaði.

Hlutfall rafknúinna farartækja á Íslandi hefur aukist og aðstaða verið sköpuð fyrir notkun þeirra um allt land. Aðildarfyrirtæki SART annast þjónustu og viðhald rafbíla og búnaðar þeim tengdum. Merki SART er gæðastimpill sem viðskiptavinir treysta og félagsmönnum SART hefur því fjölgað síðustu ár.




Arðsemi fyrirtækja í rafíðnaði hefur aukist eftir að tekið var á ýmsum málum í starfsumhverfinu. Vinnu-siðferði er til fyrirmyndar og tekist hefur að auka framlagð með góðu samstarfi við starfsmenn og stéttarfélög. Rekstraröryggi hefur aukist með bættum vinnubrögðum á útboðsmarkaði. Þar má nefna vandaðri útboðsgögn, aukið gagnsæi við opnun

Forsendur

Menntun og mannauður í fremstu röð með aðkomu atvinnulífsins

Gott samstarf skóla og atvinnulífs hefur lyft grettis-taki í menntamálum rafíðnaðarmanna. Námskrár



hafa verið samræmdar og skólarnir eru búnir bestu fáanlegu tækjum og hafa auk þess á að skipa góðum kennurum sem byggja kennsluna á nýjustu tækni og verklagi.

Sérhæft nám í Rafíðnaðarskólanum skilar fyrir-tækjunum verðmætari rafíðnaðarmönnum en nokkru sinni fyrr. Áhersla á öryggismál hefur aukist og gerð er krafa um að menn sækji öryggisnámskeið á þriggja ára fresti. Meistaránám í rafeindavirkjun hefur verið eft og aðsókn í námið vaxið ár frá ári.

Skilvirk gæðastjórnun - örugg og fagleg vinnubrögð

Öll aðildarfyrirtæki SART hafa tekið upp gæða- og öryggisstjórnunarkerfi sem vinnur miðlægt með

rafverktakagátt Mannvirkjastofnunar. Þar geta raf-verktakar fylgst með framgangi allra sinna verka á einum stað. Opnuð hefur verið samskiptagátt á innra neti SART þar sem fyrirtæki geta miðlað starfsmönnum og efni sín á milli.

Aðildarfyrirtækin fara í einu og öllu eftir reglum vinnueftirlits og senda starfsfólk sitt reglulega á námskeið í öryggismálum. Greinin leggur áherslu á að námið sé lifandi og í takti við tímann.

Undanfarin ár hefur SART unnið að bættu vinnu-siðferði félagsmanna og starfsmanna þeirra, bæði viðskiptavinum og starfsmönnum til heilla. Til að tryggja gæði fjarskipta stuðla samtökin að aðkomu þeirra iðnmeistarara sem við á hverju sinni.

Siðferði og traust á útboðsmarkaði - SART er kjölfestan

Samstarf og traust ríkir milli fyrirtækja og opinberra aðila en það hefur orðið til að einfalda úttektarferli sem kveðið er á um í byggingarreglugerð. Magnskrár og verklýsingar lýsa verkum nákvæmlega og kostnaðaráætlanir sýna raunkostnað.

Árið 2015 var ÍST 30 samþykkt sem lög frá

Alþingi ásamt lögum um gagnkvæmar verk- og greiðslutryggingar. Byggingafulltrúa og/eða eftirlitsaðila er ekki heimilt að gefa út verkleyfi fyrr en samþykkt hönnunargögn, tryggingar og verksamningar liggja fyrir.

Tilboð eru opnuð að viðstöddum bjóðendum og opinberum aðilum er skylt að eiga eingöngu viðskipti við gæðavottuð fyrirtæki. Opinberir aðilar taka ekki tilboðum undir 85% af kostnaðaráætlun. Aukaverk í tilboðum eru ekki unnin nema samkvæmt skriflegri beiðni verkkaupa. Stöðluð uppgjörsforrit fylgja verksamningi. Allt þetta hefur leitt til skila á enn betri verkum og kennitölufلاك heyrir nú sögunni til.

SART heldur til haga öllum upplýsingum sem varða hagsmuni rafverktaka og nánast allir rafverktakar eiga aðild að samtökunum. Ennfremur fer miðlun útboða fram á vef SART.



Gott starfsumhverfi skapar tækifæri og hagvöxt

Tekið hefur verið á starfsleyfum og starfsemi fyrir-tækja, sem ekki fullnægja rekstrarskilyrðum hafa verið stöðvuð. Lönlöggjöfin er orðin virk og ósanngjörnt samkeppni við réttindalause aðila er ekki til staðar. Gerðar eru sömu kröfur til erlendra og innlendra verktaka hvað varðar menntun og réttindi. Vegna góðrar hagstjórnar er hagvöxtur og jafnvægi í samfélaginu sem helgast af heilbrigðu og sam-keppnishæfu skattaumhverfi.

Með bættu starfsumhverfi og samstarfi við yfirvöld hefur tekist að útrýma að mestu svartri atvinnu-starfsemi. Lögbundinn dagvinnutími skapar starfs-mönnum mannsæmandi laun.